



ÖRYGGISBLAÐ

Útgáfudagur/ útgáfa : 10.12.2015

Útskriftardagur: 21.12.2015

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti: **Relavit W15**

Framleiðandi: **Mjöll Frigg ehf.**
 Norðurhella 10
 221 Hafnarfjörður
 Sími: 512 3000
 Fax: 512 3001
 Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.is
 Heimasíða: www.mjollfrigg.is

Slys: Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis.
Sími Neyðarlínunnar er 112.

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun samkvæmt Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]:

Engin

2.2 Merkingaratriði

Merking: Engin

Varnaðarsetningar (CLP):

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til. **P305 + P351 + P338** BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIGHALD**Innihilad (m.a.):**

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
2-butoxyethanol	111-76-2	203-905-0	Acute Tox. 4 (Inhalation) Acute Tox. 4 (Dermal), Acute Tox. 4 (Oral), Eye Irrit. 2, Skin Irrit. 2,	H332 H312 H302 H319 H315	5 - 15
Sodiummetasilicate pentahydrated	10213-79-3	229-912-9	Met. Corr. 1, Skin Corr. 1B, STOT SE 3,	H290 H314 H335	1 - 5
Sodium Alkylbenzene sulfonate	68411-30-3	270-115-0	Acute Tox. 4 (Oral), Skin Irrit. 2, Eye Dam. 1,	H302 H315 H318	1 - 5

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.



4. SKYNDIHJÁLP

- Almennt:** Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.
- Innöndun:** Ferskt loft, hvíld á hlýjum stað, helst í þægilegri sitjandi stellingu. Öndunaraðstoð ef með þarf. Forðist alla líkamsáreynslu. Hafið samband við lækni.
- Inntaka:** Skolið munn. Framkallið **ekki** uppköst. Samstundis á sjúkrahús. Ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst getur það valdið alvarlegum lungnaskaða.
- Snerting við augu:** Skolið strax með miklu vatni. Hafið strax samband við augnlækni.
- Snerting við húð:** Þvoið vandlega með vatni og sápu. Endurtekin eða viðvarandi snerting þurrkar upp húðina og getur valdið sprungum og exempti. Fjarlægið fót sem slest hefur á.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIAÐGERÐA

- Almennt:** Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.
- Slökkviefni:** Allt.
- Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:** Engin
- Hlíðarbúnaður við slökkvistörf:** Hlíðargalli og reykköfunarbúnaður.

6. EFNALEKI

- Til verndar fólki:** Sjá 8. lið. Athugið einnig að gólf geta orðið hál.
- Til verndar umhverfi:** Komið í veg fyrir að mikið magn vörunnar komist í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn - eða mengi jarðveg.
- Hreinsun:**
- Lítill leki: Stöðvið lekann og skolið niður með miklu af vatni. Varist hálku.
 - Mikill leki: Stöðvið lekann fylgi því ekki mikil áhætta. Þynnið með miklu af vatni. Ef mögulegt er skal nota ísogsefni, t.d. sand eða jarðveg.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

- Meðhöndlun:** Sýnið aðgæslu og notið viðeigandi hlíðarbúnað (sjá 8. lið).
- Geymsla:** Geymið vöruna í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og fjarri hita og sólarljósi. Geymslupol er tvö ár frá framleiðsludegi. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Frjósi varan rýrna gæði hennar. Geymist þar sem börn ná ekki til.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍÐARBÚNAÐUR

- Mengunarmörk:** Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna.
- Tæknilegar öryggis-ráðstafanir:** Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Sápa. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.
- Persónuhlífar:** **Mjöll Frigg ehf.**



- Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur: Gúmmihanskar.
- Öndunarfæri: Sé loftræsting ekki góð eða úði mikill skal nota gasgrímu með samsettum gassíum; A og P.
- Annað : Klæðist viðeigandi vinnufatnaði eftir þörfum, t.d. gúmmistígvélum.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Útlit:	Tær, gulur vökvi		
Lykt:	Leysiefnalykt		
pH:	12,9 ± 0,1.		
pH, þynnt lausn:	Óþekkt.	Styrkur [%]:	-
Suðumark [°C]:	Óþekkt..	Þrýstingur [kPa]:	101,33.
Bræðslumark [°C]:	Óþekkt.		
Logamark [°C]:	Óþekkt.		
Íkveikjumark [°C]:	Óþekkt.		
Hætta á sjálfíkveikju:	Engin.		
Eldnærandi eigin-leikar:	Fyrir hendi (afar litlir).		
Gufuþrýstingur [kPa]:	Óþekktur.		
Eðlisþyngd [kg/m³]:	1050 ± 1.	Hitastig [°C]:	20.
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt.		
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Leysist m.a. í etanóli.	Hitastig [°C]:	-
Seigja [mPa·s]:	Óþekkt.		

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun.
Aðstæður sem ber að forðast:	Mikill hiti.
Efni sem ber að forðast:	Sterkar sýrur
Hættuleg niðurbrots-efni:	Engin

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Eiturefnafæðilegar upplýsingar:

- Ertung: Veldur ertingu í augum
- Ofnæmi: Ekki þekkt fyrir vöruna sjálfa, en hún inniheldur engin ofnæmisvaldandi hráefni.
- Krabbamein: Ekki þekkt fyrir vöruna sjálfa, en hún inniheldur engin krabbameinsvaldandi hráefni.

Heilsuhætta: Inntaka

Efni	LD50_{rotta} mg/kg
2-butoxyethanol	470
Sodiummetasilicate pentahydrated	200-2000
Sodium Alkylbenzene sulfonate	600-1350



12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Almennt:	Engin
Lífniðurbrot:	Samkvæmt niðurstöðum rannskókna á hráefnum sem notuð eru í vöruna uppfylla þau þær kröfur sem gerðar eru um fyrsta stigs lífniðurbrot.
Eituráhrif í vatni:	Engin
Þrávirkni:	Ekki er talið að hráefnin sem notuð eru í vöruna safnist fyrir í fæðukeðjunni þar sem að þau brotna öll niður og eru auk þess vatnsleysanleg.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða skal þynna niður í 0,1% styrk áður en hellt í frárennsli. Hafið samband við framleiðanda ef um mikil magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

Ekki hættulegur farmur

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum asamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Útgáfudagur: 16.12.2015

Útgáfa: 1.

Höfundur: Richard Kristinsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitnesku um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.